

## **Bókun 1**

### **Útreikningur daggjalds og fastagjalds**

Í samningi þessum eru óbreyttar forsendur frá eldri samningum fyrir útreikningi daggjalds og fastagjalds.

Samningsaðilar eru sammála um að þörf er á endurskoðun útreiknings daggjalds og fastagjalds í því skyni að kostnaðarliðir séu gagnsæir og skýrir. Í því felst m.a. skilgreining á hvaða kostnaðarliðir falla undir hvort gjald og hvernig sveitarfélög skulu gera grein fyrir kostnaði gagnvart Útlendingastofnun vegna verkefnisins.

Samningsaðilar eru sammála um að endurskoða forsendur daggjalds og fastagjalds á samningstíma og að samningur verði uppfærður í samræmi við niðurstöður þeirrar endurskoðunar. Endurskoðunin skal fara fram í samráði og samstarfi við önnur sveitarfélög sem jafnframt sinna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Útlendingastofnun mun boða samráðsfund á fyrstu fimm mánuðum ársins 2020.